

Almennar leiðbeiningar um umsókn og afgreiðslu á lyfjaskírteinum

Dagsetning: 1. mars 2022

Hvernig er sótt um lyfjaskírteini? Læknir sækir um lyfjaskírteini rafrænt. Í nokkrum tilfellum þarf læknir með ákveðna sérgrein að sækja um lyfjaskírteini skv. vinnureglum. Læknar mega ekki sækja um lyfjaskírteini fyrir sjálfan sig.

Skilyrði fyrir samþykki á lyfjaskírteini: Lyfjastofnun ákveður hvort sjúkratryggingar taka þátt í kostnaði vegna kaupa á lyfjum sem eru á markaði hér á landi og vegna kaupa á lyfjum sem veitt hefur verið undanþága fyrir. Í vinnureglum koma fram þau skilyrði sem uppfylla þarf til að fá samþykkt lyfjaskírteini. Algengustu vinnureglurnar eru birtar á heimasíðu Sí. Frávik frá vinnureglum eða ný lyf eru metin sérstaklega. Sjúkratryggingar Íslands áskilja sér rétt til að leita álits sérfræðings utan stofnunarinnar áður en til afgreiðslu kemur. Þegar lyfjanotkun er umfram ráðlagða dagsskammta eða verið er að nota mörg ávana- og fíknilyf þarf að rökstyðja það sérstaklega að öðrum kosti er umsókn synjað og upplýsingar sendar Embætti landlæknis.

Gildistími: Gildistími lyfjaskírteina er samkvæmt vinnureglum og miðast frá dagsetningu umsóknar.

Ógilding lyfjaskírteina:

Ef áreiðanlegar ábendingar berast Sí um ólöglega sölu eða misnotkun lyfs, er lyfjaskírteini viðkomandi fellt úr gildi. Telji læknir að einstaklingur selji eða misnoti lyf, getur hann óskað eftir að lyfjaskírteini verði fellt úr gildi.

Í hvaða tilvikum er hægt að sækja um lyfjaskírteini ?

- Lyf án greiðsluþátttöku.** Fyrir einstaklinga sem þurfa að nota lyf um lengri tíma sem eru án greiðsluþátttöku sjúkratrygginga skv. lyfjaverðskrá. Ef lyfjaskírteini er samþykkt þá fer greiðsluþátttaka sjúkratrygginga samkvæmt „þrepakerfinu“.
- Líknandi meðferð, lokastignýrnabilun, geðrofssjúkdómar.** Fyrir einstaklinga sem eru í líknandi meðferð í heimahúsi, eru með lokastignýrnabilun eða alvarlegan geðrofssjúkdóm. Ákveðin lyf fyrir þessa einstaklinga eru að fullu greidd af sjúkratryggingum og falla því fyrir utan „þrepakerfið“.
- Frávik frá viðmiðunarverði.** Fyrir einstaklinga sem geta ekki notað það lyf sem er með viðmiðunarverð í viðmiðunarverðflokki vegna t.d. alvarlegra aukaverkana. Greiðsluþátttaka sjúkratrygginga miðast þá við smásöluverð viðkomandi lyfs og fer greiðsluþátttaka sjúkratrygginga þá samkvæmt „þrepakerfinu“.
- Húðlyf, gervítar ofl.** Fyrir einstaklinga sem af brýnum læknisfræðilegum ástæðum þurfa að nota t.d. húðkrem, augndropa eða sambærilegar vörur. Greiðsluþátttaka sjúkratrygginga fer þá samkvæmt „þrepakerfinu“.
- Lausasölulyf.** Fyrir einstaklinga sem þurfa að nota lausasölulyf um lengri tíma. Greiðsluþátttaka sjúkratrygginga fer þá samkvæmt „þrepakerfinu“.
- Undanþágulyf.** Fyrir einstaklinga sem þurfa að nota lyf um lengri tíma sem veitt hefur verið undanþága fyrir þar sem meðferð með lyfi á markaði hefur reynst ófullnægjandi, þolist ekki eða er ekki fánlegt. Greiðsluþátttaka sjúkratrygginga fer þá samkvæmt „þrepakerfinu“.